

Matarvenjur og næringarástand sjúklinga með bólgusjúkdóm í meltingarvegi- tengsl við sjúkdómsvirkni.

Jóna Björk Viðarsdóttir meistaranemi í næringarfræði jbv3@hi.is, Alfons Ramel RÍN, Inga Þórsdóttir HÍ/RÍN, Einar Björnsson LSH.

Inngangur: Ekkert er vitað um mataræði sjúklinga með Crohn's og sáraristilsbólgu hér á landi. Meirihluti sjúklinga hefur áhuga á að fá fræðslu um hvaða mataræði er æskilegt. Mjög lítið er vitað um hvaða hlutverki mataræði gegnir og því erfitt að ráðleggja sértækt mataræði. Einnig er lítið vitað um járn- og vítamínbúskap þessara sjúklinga.

Markmið: Að kanna mataræði og næringarástand hjá sjúklingum með bólgusjúkdóma í meltingarvegi. Undirmarkmið rannsóknarinnar eru að kanna hvaða fæðutegundir eru tengdar sjúkdómsvirkni. Út frá upplýsingum frá matardagbókum, spurningalistum og blóðsýnum er hægt að kanna fylgni milli neyslu, inntöku, næringarástands og sjúkdómseinkenna.

Aðferðir: Gögnum var safnað frá apríl 2013 til janúar 2014. Gögnum var aðallega safnað á LSH þar sem þáttakendur komu í Remicade lyfjagjöf. 78 þáttakendur tóku þátt og svöruðu þeir spurningalistum, fylltu út matardagbækur og tekin voru blóðsýni. Upplýsingum um líkamssamsetningu var einnig safnað.

Niðurstöður: D-vítamín inntaka þáttakenda er ekki fullnægjandi en 65% ná ekki ráðlögðum dagskammti (15 µg). Jafnframt eru 59% undir viðmiðunargildum (50 ng/mL) af D-vítamíni í blóði. Sömu sögu er að segja af kalk inntöku en 65% ná ekki ráðlögðum dagskammti (800 mg). 60% þáttakenda hafa minnkað eða neyta engra mjólkurvara eftir að þeir greindust með sjúkdóminn. Úrvinnsla á gögnum er á frumstigi en áætluð ritgerðarskil eru í maí 2014. Gagnagrunnur með niðurstöðum úr spurningalistum, blóðsýnum og matardagbókum liggur fyrir.

Ályktun: Niðurstöður um mataræði liggja ekki fyrir en þær geta auðveldað fræðslu um mataræði fyrir þessa sjúklinga. Einnig mun rannsóknin sýna samband á milli fæðuinntöku og járn- og vítamínbúskaps í þessum sjúklingahópi.